

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

1. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2018, föstudaginn 22. júní. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttir.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Steinn Ingi boðaði til fundarins, sem elsti kjörni maður, bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Kjör oddvita og varaoddvita.
2. Fastir fundartímar sveitarstjórnar á kjörtímabilinu.
3. Valkostagreining og kostnaðarmat kalkþörungaverksmiðju innan við Langeyri – greinargerð Vegargerðarinnar.
4. Heimasíða Súðavíkurhrepps.
5. Breytt sviðsmynd nefnda og ráða innan Súðavíkurhrepps – kynning sveitarstjóra.
6. Málefna, stefnumörkunar og verkefnavinna sveitarstjórnar fyrir næsta kjörtímabil.
7. Fulltrúi Súðavíkurhrepps á Landsþing íslenskra sveitarfélaga 2018 – 2022.
8. Tillaga að matsáætlun vegna framleiðslu Hábrúnar á regnbogasilung í Hestfirði, Hnífsdal, Naustavík og Drangsvík.
9. Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum – erindi frá Jafnréttisstofu.
10. Fundargerð Hafnarsambands Íslands nr. 404 frá 28. maí.
11. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 860 frá 18. maí.
12. Ráðning sveitarstjóra.

-
1. Samúel Kristjánsson ber upp tillögu um Stein Inga Kjartansson sem næsta oddvita sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps. Tillagan samþykkt samhljóða.

Steinn Ingi þakkar fyrir traust og trúnað sem honum er sýndur með kjörinu.

Steinn Ingi Kjartansson ber upp tillögu um Guðbjörgu Bergmundsdóttur sem varaoddvita sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps.

Tillagan samþykkt samhljóma.

Guðbjörg þakkar fyrir traust og trúnað sem henni er sýnt með kjörinu.

2. Umræða um fasta fundartíma sveitarstjórnar. Steinn Ingi ber upp tillögu að öðrum föstudegi í hverjum mánuði kl. 8:30. Samþykkt samhljóða.
3. Vegagerðin hefur lagt fram minnisblað / valkostagreiningu, kostnaðar og framkvæmdaáætlun vegna fyrirhugaðrar kalkpörungaverksmiðju innan við Langeyri. Vinnan var unnin samkvæmt beiðni sveitarstjóra, í umboði sveitarstjórnar Súðavíkurbrepps.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir kalkpörungaverkefni í Álftafirði, sem teygir sig til ársins 2014, þegar viljayfirlýsing sveitarfélagsins og Marigot var undirrituð.

Vegagerðin leggur fram þrjú valkosti undir verksmiðjuna. Sveitarstjóri kynnir minnisblað Vegagerðarinnar.

Sveitarstjóri leggur einnig fram minnisblað frá Gunnari Páli Eydal, sem hefur yfirsumsjón með heildarendurskoðun aðalskipulags Súðavíkurbrepps, þar óskað er eftir frekari greiningu á valkosti 4, sem er innar í firðinum, í landi Hlíðar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fá Vegagerðina til að stilla upp samskonar greiningu fyrir valkost 4.

4. Þrjú tilboð kynnt í nýja veflausn sveitarfélagsins. Ákvörðun frestað til næsta fundar.
5. Sveitarstjóri kynnir hugmyndir að breyttri sviðsmynd nefnda og ráða í Súðavíkurbreppi.

Hugmyndin að breyttri sviðsmynd nefnda og ráða byggir á því að fækka nefndum, auka málavið hvernar nefndar og fjölga nefndarmönnum úr þremur í fimm.

Lagt er til að formaður hvernar nefndar verður aðalmaður í sveitarstjórn. Þannig mun sveitarstjórn skipta með sér formennsku í þessum fimm nefndum.

Þessari breytingu er ætlað að auka þekkingarvið hvernar nefndar, auka skilvirkni milli tengdra málaflokka, fækka nefndum og létta þannig á stjórnsýslu og tengja sveitarstjórn betur vinnu hvernar nefndar. Þannig ber aðalmaður í sveitarstjórn ábyrgð á einni málnefnd og gerir grein fyrir starfi hennar og ákvörðunum í sveitarstjórn.

Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta fundi sveitarstjórnar.

6. Hugmyndin að stefnumörkun og verkefnaáætlun sveitarstjórnar fyrir næstu fjögur ár, er að gera starf sveitarstjórnar skilvirkarara, faglegra, markmiðadrifnara og opið.

Lagt er til að sveitarstjórn haldi vinnuhelgi í sumar, dagsetning og staður ákveðinn af sveitarstjórn, og vinni upp stefnumörkun; hugmynda, verkefna og vinnuáætlun, sem yrði ígildi stjórnarsáttmála, sem væri síðan opinbert gagn á síðu sveitarfélagsins. Þannig hefði sveitarstjórn leiðarljós í allri sinni vinnu næstu árin, og íbúar sveitarfélagsins hefðu betri tilfinningu og skilning á starfi sveitarstjórnar.

Sveitarstjóra falið að finna sameiginlega dagsetningu og stað fyrir vinnuhelgi.

7. Guðbjörg Bergmundsdóttir ber upp tillögu um Stein Inga Kjartansson sem aðalmann. Samþykkt samhljóða.

Steinn Ingi Kjartansson ber upp tillögu að Guðbjörgu Bergmundsdóttur sem varamann. Samþykkt samhljóða.

8. Umræða um matsáætlunina. Vísað til næsta fundar.

9. Vísað til félagsmálanefndar.

10. Lagt fram.

11. Lagt fram.

12. Hér vîkur sveitarstjóri af fundi.

Oddvita veitt umboð til að semja um endurráðningu Péturs G. Markan og leggja fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:05

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Samúel Kristjánsson

Elsa Borgarsdóttir

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

